

6. bekkur

Námsgrein: Textílmennt

Kennari: Þórunn Sigurðardóttir

Nemendur: 35

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Menntagildi námsgreinar:

Allir hafa hæfileika til að skapa. Í textílmennt fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska þann hæfileika, dýpka hann og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafli sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfspekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Í textílmennt eru lykilþættirnir skapandi hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum og ábyrgð og mat á eigin námi þjálfaðir.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Handverk	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,• unnið úr nokkrum gerðum textílefna,• unnið eftir einföldum leiðbeiningum,	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur þjálfast í að nota áhöld sem tilheyra greininni.• Nemendur læra á saumavélar.• Nemendur læra að þrjóna• Áhersla lögð á góð og vönduð vinnubrögð
Sköpun, hönnun og útfærsla.	<ul style="list-style-type: none">• tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu,• skreytt textílvinnu á einfaldan hátt,• gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur vinna útsaumsverkefni, verkefni í saumavél og einfalt þrjónaverkefni.

	notað nokkur hugtök sem tengjast greininni, • leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum,	
Menning og umhverfi	• sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt, sagt frá nokkrum tegundum textílefna, • fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna, • Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið er með íslensku ullina, umræður kennara og nemenda um uppruna hennar og notagildi. • Umræður um fatnað fyrr og nú. • Nemendur fá innsýn í endurvinnslu fatnaðar.

Námsmat: Nemendur fá leiðsögn, hvatningu og endurgjöf á vinnu sína meðan á henni stendur. Í lok textíltímabils er lokamat skráð í Mentor.

Efni: Javi, perlugarn, bómullarefni, ullargarn ofl.

Áhöld: Saumavél, straujárn, nálar, skæri, prjónar ofl.